

Reykjavík, 9. október 2020

Arkitektafélag Íslands, gerir athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um tækniþróunarsjóð, mál nr. 201/2020.

Til að tryggja að markmið laganna náist við endurskipulagningu málefna á sviði nýsköpunar verða stjórnvöld að tryggja þverfaglega nálgun með aðkomu breiðari hóps fagmanna, m.a. úr skapandi greinum, hönnun, arkitektúr, samskiptum og hugvísindum.

Hér koma athugasemdir um greinagerð við frumvarpið.

Í greinagerð um frumvarpið eru kynnt áform um að setja á fót sérstakan samkeppnissjóð um byggingar-og mannvirkjarannsóknir. Það er fagnaðarefni að styrkja eigi þetta mikilvæga efni en gríðarlegir fjármunir liggja í mannvirkjum hér á landi, hjá hinu opinbera, fyrirtækjum sem og almenningi í landinu. En það er ekki nóg að stunda rannsóknir. Niðurstöður rannsóknanna þurfa að vera aðgengilegar og þeim þarf að miðla. Við lýsum áhyggjum okkar yfir því að ekki virðist vera búinn til neinn miðlægur staður til að tryggja að rannsóknir séu samfelldar, aðgengilegar og til að styðja undir það mikilvæga markmið að búa til betri byggingar og betra byggt umhverfi fyrir okkur öll.

Við viljum einnig lýsa vonbrigðum okkar yfir því að ekki hafi verið leitað til breiðari hóps fagaðila í samráðinu fyrir frumvarpið. Fjallað er um rannsóknir í byggingariðnaði nær eingöngu út frá tæknilegum rannsóknum og framförum í efnisnotkun og byggingartækni en hér er þörf á að horft sé til nýsköpunar og rannsókna í skipulagi borga, innviða, samfélagslegra rýma auk heimilis og atvinnuumhverfi. Það hefði verið mikill kostur ef leitað hefði verið til breiðari hóps sérfræðinga til að ná utan um það og þá með skýrari og betri nálgunum okkur öllum til góðs.